

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## III. HLUTI

### Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn

Prófnúmer próftaka: .....

Námsgrein til prófs: Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn

Prófdagur: 25. apríl 2012

Kl.: 16:00 til 20:00

Próftími alls: 4 klst.

Prófblöð

þmt. forsíða): 4

Leyfileg hjálpargögn:

Eingöngu leyfilegt að hafa lög,  
reglugerðir, reglur  
Fjármálaeftirlitsins og NASDAQ  
OMX Iceland hf. (Kauphöllin,  
Kauphöll Íslands hf.)

Fylgiblöð: Engin

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

### 1. verkefni – 5%

Hvað er fagfjárfestarsjóður og hvaða reglur gilda um hann? Hverjir geta fjárfest í slíkum sjóðum og af hverju?

### 2. verkefni – 5%

Hver er tilgangur regluvörslu í fjármálafyrirtækjum? Þarf regluvörður að vera í öllum fjármálafyrirtækjum?

### 3. verkefni – 5%

Skilgreindu hugtakið annar innherji. Nefndu a.m.k. tvö dæmi.

### 4. verkefni – 5%

Hverjir mega stunda fjárfestingarráðgjöf og hvað felst í þeirri þjónustu? Af hverju skiptir máli að aðgreina fjárfestingarráðgjöf frá annarri ráðgjöf sem fjármálafyrirtæki veita?

### 5. verkefni – 10%

Mikið hefur verið fjallað um tryggingu innlána hér á landi. Hvaða reglur gilda um tryggingar annarra eignir en innlána hjá fjármálafyrirtækjum? Nefndu dæmi.

### 6. verkefni – 10%

Guðrún hefur um áratuga skeið rekið mjög vinsæla hárgreiðslustofu með góðum árangri. Eftir að hafa selt fyrirtækið á Guðrún 50 milljónir á bankareikningi sínum. Eftir söluna býður þjónustufulltrúi viðskiptabankans Guðrúnu upp á ráðgjöf frá sérfræðingum bankans til að hjálpa henni að varðveita féð og býður henni að senda sérfræðing bankans sem heitir Jón heim til Guðrúnar. Jón er starfsmaður einkabankaþjónustu bankans og langar að kynna fyrir Guðrúnu álitlega fjárfestingarkosti. Guðrúnu sem er orðin 81 árs gömul, list vel á Jón enda kemur í ljós í þeirra spjalli að hún þekkti ömmu hans vel. Hún undirritar alla þá pappíra sem hann kom með til hennar og segir honum að velja einhverja góða og örugga fjárfestingu fyrir milljónirnar sínar. Jón ákveður, í ljósi þess að Guðrún vill örugga fjárfestingu, að fjárfesta fyrir alla fjárhæðina hennar í skuldabréfasjóði sem fjárfestir í skuldabréfum ríkisins og sveitarfélaga. Sjóðurinn er bundinn til 20 ára.

Fjallið í örstuttu máli um skyldur Jóns gagnvart Guðrúnu. Hefur Jón unnið starf sitt af hendi eins og lög gera kröfu til?

### 7. verkefni – 10%

Félagið Straumex hf. framleiðir íhluti í lestir. Hlutabréf félagsins eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Stjórnarformaður félagsins stofnaði félagið fyrir mörgum árum og hefur ávallt átt 10% hlut í félaginu í gegnum eignarhaldsfélag sitt. Á síðustu árum hefur áhugi fjárfesta minnkað á félaginu en áhugi þeirra á hátæknifyrirtækjum aukist. Þess vegna hefur gengi hlutabréfa félagsins lækkað ár frá ári án þess að raunverulegar fjárhagslegar forsendur lægju þar að baki.

Í apríl 2012 seldi stjórnarformaðurinn einbýlishúsið sitt og keypti þann 10. maí 10% hlut í félaginu fyrir andvirðið. Stjórnarformaðurinn ákvað að grípa til þessa ráðs til að styðja við gengi félagsins enda fannst honum það fارانlega lágt. Kaup hans höfðu þau áhrif að gengi

hlutabréfa félagsins sem hafði verið 113 krónur í lok dags 9. maí fór í 118 krónur á hlut þann 13. maí.

Hvaða atriði í ofangreindri lýsingu þarfnast skoðunar að þínu mati og hvaða afleiðingar gætu aðgerðir og aðgerðaleyfi stjórnarformannsins haft?

### 8. verkefni – 10%

Einar starfar í greiningardeild Samvinnubankans. Einar starfar í opnu rými í bankanum og þar sem hann er vinamargur í bankanum óskaði hann eftir að sitja við skrifborð þar sem margir starfsmenn bankans eiga leið um á hverjum degi. Yfirmaður hans heimilaði það.

Undanfarna daga hefur Einar unnið að greiningu á hlutafélaginu Heildverslun hf. en hlutabréf þess félags eru skráð á skipulegan verðbréfamarkað hér á landi. Athugun Einars hefur leitt hann að þeirri niðurstöðu að fjárfestar ættu að kaupa hlutabréf í félaginu. Þann dag sem Einar lýkur athugun sinni kemur yfirmaður Einars til hans og biður hann um að stinga greiningunni ofan í skúffu þar sem viðskiptavinurinn sem óskaði eftir henni hafi ekki lengur áhuga á henni.

Einar er mjög full og fer í mötuneyti bankans þar sem hann hittir Nonna féлага sinn. Nonni aðstoðar viðskiptavini bankans við kaup og sölu á fyrirtækjum. Þeir fara að ræða saman yfir matnum og Einar segir Nonna í framhjáhlaupi frá niðurstöðu sinni sem öll er unnin fyrir gýg. Nonni er hins vegar mjög spenntur þar sem hann er að vinna fyrir fjárfestinn Óla, sem er þekktur fyrir einarða afstöðu í viðskiptum.

Viku seinna uppgötvar Einar að hlutabréf Heildverslunarinnar hf. hafa hækkað í verði og að félag að nafni Krókurinn hf., sem er í eigu Óla, hefur keypt töluverðan hlut í Heildversluninni áður en hækkunin átti sér stað.

Hvað er til ráða hjá Einari? Hvert á hann að leita með áhyggjur sínar? Hvað eiga þeir aðilar að skoða og hverjar gætu afleiðingar þeirra skoðunar orðið? Hvað er það í starfsemi Samvinnubankans sem gæti þarfnast skoðunar við?

### 9. verkefni – 15%

HK hf. var eignarhaldsfélag sem átti 100% hlut í stóru íslensku framleiðslufyrirtæki að nafni Bjargið hf. Eftir að eignarhaldsfélagið gat ekki staðið í skilum á lánum við viðskiptabanka sinn, gekk bankinn að veði sínu til tryggingar láninu, sem voru hlutabréf eignarhaldsfélagsins í Bjargi hf. Hlutabréf Bjargs hf. voru þá ekki skráð á skipulegan verðbréfamarkað.

a) Eftir að bankinn hafði átt hlutafélagið Bjarg hf. í nokkurn tíma var ákveðið að leita til fjárfesta til að kaupa 25% hlut í því. Hvaða eiginleika verða fjárfestar að hafa svo bankinn getur leitað til þeirra um kaup á hlutabréfunum?

b) Eftir að hafa selt 10% hlut í framleiðslufyrirtækinu var ákveðið að skrá skyldi hlutabréf fyrirtækisins á skipulegan verðbréfamarkað. Eftir að lýsing hafði verið gefin út en áður en bréfin voru formlega tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði uppgötva starfsmenn bankans sem útbjuggu lýsinguna að það hafði gleymst að telja upp öll lán framleiðslufyrirtækisins við bankann í lýsingunni. Hvað er til ráða í svona tilfellum?

c) Að lokinni skráningu átti bankinn enn 20% hlut í félaginu. Enn var ákveðið að leita til fjárfesta til að kaupa þann hlut. Hvaða eiginleika verða fjárfestar að hafa svo bankinn getur leitað til þeirra um kaup á hlutabréfunum?

## 10. verkefni – 10%

Viðskiptabankinn hf. hefur náð samningum um að taka yfir hluta rekstrar annars fjármálafyrirtækis.

Settu upp aðgerðaráætlun fyrir stjórn félagsins um þau atriði sem þarf að undirbúa fyrir slíka yfirtöku, hvaða lagaákvæði gilda og annað sem þarf að undirbúa bæði gagnvart eftirlitsaðilum og viðskiptavinum.

## 11. verkefni – 15%

Friðrik átti hlutabréf í óskráða hlutafélaginu Alstoð, en alls voru hluthafar um 70. Félagið hafði á sínum tíma fengið styrk úr Nýsköpunarsjóði og mál manna var að kaup á hlutabréfum í félaginu væri gulltryggð fjárfesting. Í nokkur ár hafði ekkert þokast hjá félaginu að koma hugmyndinni í framkvæmd og hluthafar fengu litlar upplýsingar um stöðu mála annað en að forstjórinn sagði þeim að þetta væri alveg að koma. Friðrik vildi selja hlutabréfin sín og sendi miðlara sem hann þekkti í Samvinnubankanum eftirfarandi tölvupóst: „Mig langaði að kanna hvort þú hefðir eitthvað skoðað fyrir mig kaupanda af hlutabréfum mínum í Alstoð eins og við ræddum um?“ Miðlarinn svaraði samdægurs og sagðist ætla að skoða málið og svara í lok vikunnar. Friðrik heyrði hins vegar ekkert í honum aftur.

Tveimur mánuðum seinna sendi Friðrik MSN-skeyti á sama miðlara í Samvinnubankanum og innti hann eftir því hvort „eitthvað væri að þokast í kaupum hjá mönnum.“ Miðlarinn sagði að lítið væri að þokast. Hann sagðist ætla að hafa Friðrik á bak við eyrað.

Tveimur vikum síðar var haldinn hluthafafundur hjá Alstoð þar sem fram kom að tilraunir forstjóra til að bjarga félaginu með sölu hlutafjár hafi misheppnast. Friðrik og aðrir hluthafar sjá fram á að hlutabréf þeirra í félaginu séu verðlaus. Friðrik fer beint til lögmannsins síns og segir honum að hann hafi tapað stórfé á samskiptum sínum við Samvinnubankann þar sem bankinn hafi ekki staðið sig í því að selja hlutabréfin og nú séu hlutabréfin verðlaus. Til grundvallar leggur hann ofangreind samskipti sín við bankann.

Þess skal getið að í almennum skilmálum fyrir markaðsviðskipti hjá Samvinnubankanum, sem Friðrik undirritaði, segir m.a. að samningar geti komist á hvort sem er skriflega, með símtali, símbréfi (faxi), á veraldarvefnum (netinu) eða með tölvupósti. Viðskiptamaður skal senda beiðni um viðskipti til bankans með símbréfi, tölvupósti eða í gegnum síma.

Ræddu þau atriði sem lögmaðurinn myndi skoða varðandi samskipti Friðriks við bankann og rökstuddu niðurstöðu þína um hvort Friðrik eigi möguleika á því að ná kröfu sinni um bætur við bankann.